

Auka aðalfundur, 2 maí 2016

Mánudagurinn 2. maí í Reykjavíkur Akadémíunni. Mættir á fundinn voru 9 kosningabærir félagsmenn.

Fundur settur kl. 20:09

Jakob Orri var kosinn fundarstjóri með lófaklappi. Jakob las upp dagskrána sem hljóðaði svo:

- 1. Lagabreyting. Viðbót við 6. gr. laga félagsins
- 2. Ólafía – kosning í embætti ritstjóra, ritnefndar og þema.
- 3. Nýir félagar samþykktir
- 4. Önnur mál.

Lagabreyting

Sólrún tók svo við orðinu og las upp lagabreytinguna sem stjórnin stakk upp á að yrði bætt við 6. gr. laga félagsins sem hljóðar svo.

6. gr. Skrifleg beiðni um inngöngu í félagið skal lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Aðalfundur samþykkir nýja féлага formlega. Úrsögn úr félaginu þarf einnig að berast stjórn/formanni þess skriflega. Úrsögn úr félaginu tekur gildi um önnur mánaðamót eftir að hún berst félagsstjórn.

Lagt var til að bætt yrði klausu eftast lagagreininna sem myndi hljóða: “*Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagsmanni úr félaginu skuldi viðkomandi árgjöld til tveggja eða fleiri ára.*”

Það komu strax upp vangaveltur um það hvort að þessu lagabreyting væri ekki harðorð og sumir vildu meina að hún ætti ekkert erindi í lögin þar sem að hún hljómaði frekar valkvæð. Stjórnin gæti valið hvenær hún ætlaði að vísa fólki úr félaginu. Sólrún lagði þá til að breyta tillögunni og stakk upp á orðalagi sem var meira í takt við orðalag hjá öðrum félögum: “*Hafi félagi ekki greitt félagsgjald í tvö ár í röð telst hann hafa sagt sig úr félaginu.*”

Félagar voru almennt mun ánægðari með tillöguna eftir að henni var breytt. Formaður las upp 6. grein laganna í heild sinni með lagabreytingunni. Kosid var um lagabreytinguna og voru 8 félagsmenn með henni og 1 á móti. Hún var því samþykkt.

Ólafía

Næst á dagskrá voru mál Ólafíu en áætlað er að gefa blaðið út á næsta ári, 2017. Tölvupóstur hafði verið sendur út tvisvar á félagsmenn þar sem óskað var eftir tillögum um efni næsta heftis en engin tillaga barst.

Formaður tilkynnti því á fundinum að stjórnin hefði leitað til Minjastofnunar um samstarf og lagði til að næsta þema yrði *minjavarsla á Íslandi*. Stjórnin lagði einnig til að Agnes

Stefánsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir hjá Minjastofnun Íslands yrðu ritstjórar heftisins. Hrönn Konráðsdóttir var einnig búin að gefa kost á sér í ritnefnd þess. Heftið myndi þá einnig vera tengt næsta mállþingi Kristjáns Eldjárns sem fram fer á þessu ári í desember.

Spurt var hvort að það væru einhverjar aðrar hugmyndir um þema og nefnd var tillaga Bjarna F. Einarssonar sem kom á síðasta aðalfundi félagsins um *Hin húsin*. Allir töldu það vera mjög góða hugmynd en vandamálið væri að það vantaði ritsjóra til að stýra því hefti.

Það var því rætt í alvöru um þemað *minjavarsla á Íslandi* og talað var um að það þyrfti að auglýsa fljótlega eftir efni og jafnvel að það yrðu komin drög af greinum í október.

Einnig var fjallað almennt um ritið Ólafíu og hversu oft ætti að gefa það út. Ármann nefndi að það væri ágætt að gefa það út á öðru hvoru ári, þó að það væri miðað við að gefa það út á hverju ári.

Birna nefndi einnig ritrýni í sambandi við heftið. Í lögunum segir að heftið skuli vera ritrýnt ef að þemað miðar við birtingu stakra greina sem ekki hafa verið gefnar út áður. Það væri því kannski tækifæri að vera með eitthvað ritrýnt.

Næst voru félagsmenn spurðir hvort að einhver hefði áhuga á því að bjóða sig fram í ritnefnd Ólafíu þar sem að það vantaði allavega einn í viðbót í ritnefndina. Ármann Guðmundson og Bjarni F. Einarsson buðu sig fram.

Kosið var um þema heftisins, ritstjórana báða og ritnefnd og var það samþykkt einróma með 9 atkvæðum. Niðurstaðan er því sú að þemað verður Minjavarsla á Íslandi og ritnefndina skipa: Agnes Stefánsdóttir (ritstj.), Kristín Huld Sigurðardóttir (ritstj.), Bjarni F. Einarsson, Hrönn Konráðsdóttir og Ármann Guðmundsson.

Nýjir félagar

- Brenda Prehal og Þuríður Elísa Harðardóttir voru samþykktar sem nýjir félagar.
- Óskar Leifur Arnarsson sem mættur var á fundinn ákvað að skrá sig aftur í félagið og var samþykktur með lófataki.

Önnur mál

- Ármann ætlaði að leiða hóp um löggildingu starfheitisins. Þeir Oddgeir og Ármann Dan, sem eru í hópnum, eru byrjaðir að setja niður hugmyndir um hvernig er besta að tækla þessi mál. Þeir munu halda áfram að hittast og búast við því að geta kynnt eitthvað á næsta aðalfundi þar sem hægt verði að taka afstöðu í málinu.
- Jakob Orri nefndi aftur Ólafíu um hvort að það ætti að setja í lögin að hafa útgáfu á öðru hverju ári. Fólk var almennt á því að það ætti að halda reglunum eins og þær eru þar sem að við erum að miða að útgáfu á hverju ári en höfum samt svigrúm ef það gengur ekki upp. Nú væri bara mál að koma Ólafíu á gott ról aftur og þá væri hægt að vera með þema tilbúið ár fram í tímann og þá kæmi að því að það yrði gefið út hvert ár aftur.

- Breytingar á lagafrumvarpi og sameining MÍ og ÞJMS var einnig rætt smávegis. Sólrún sagði að stjórnin væri á tánum og fylgist með hvort málið detti aftur inn á dagskrá Alþingis. Ef að málið fer aftur af stað þá ætlum við að koma fram með ýmis skjöl um málið. Látum í okkur heyra um leið og eitthvað gerist.
- Bjarni nefndi eitt mál sem hann vildi bæta. Það var að halda einhverskonar skemmtun, árshátíð eða eitthvað álíka. Talað var um að best væri líklega að halda eitthvað óformlegt eins og bjórkvöld, vorfagnað eða haustfagnað. Allir voru þó sammála um það að það yrði mjög gaman að halda eitthvað slíkt.

Fundi var slitið klukkan 20:50